# Gjaldskrá fyrir frístundalóðir í landi Fjallabyggðar

1. gr.
Gildissvið

Gjaldskrá þessi gildir fyrir frístundalóðir í skipulögðum frístundabyggðum á landi í eigu Fjallabyggðar. Gjaldskráin er sett með stoð í samþykkt bæjarstjórnar um frístundalóðir í landi Fjallabyggðar frá 26. janúar 2009.

2. gr.
Gjöld fyrir sumarhúslóðir

Óafturkræft gjald fyrir sumarhúsalóðir skal vera eftirfarandi:

Gjald á fermetra vegna úthlutunar lóðar kr. 120,-
Árleg leiga, vísað í gjaldskrá sveitarfélagsins um fasteignagjöld, lóðarleigu.

Grunngjald vegna úthlutunar lóðar verður dregið frá gatnagerðargjaldi þegar kemur að innheimtu þess. Helmingur gatnagerðargjalds er innheimtur við útgáfu byggingarleyfis og eftirstöðvar þess greiðast við útgáfu fokheldisvottorðs eða einu ári frá upphafi framkvæmda.

3. gr.
Greiðsla gjalda vegna frístundalóða

Gjalddagi gjalds vegna úthlutunar lóðar skal vera 30 dögum frá því að tilkynnt er um úthlutun og eindagi 14 dögum síðar.

4. gr.
Uppfærsla gjalda

Gjöld uppreiknast árlega 1. janúar miðað við byggingarvísitölu (grunnur frá 2010). Byggingarvísitala í janúar 2014 er 119,0 stig.

5. gr.
Gildistaka

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi með staðfestingu bæjarstjórnar Fjallabyggðar.

*Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar þann 26. maí 2014*
*Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 4. júní 2014*

Fjallabyggð Bæjarstjóri

*Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri Fjallabyggðar*

# Uppfærsla á gjaldskrá fyrir frístundalóðir í Fjallabyggð

Gjaldskrá þessi miðast við byggingavísitölu í janúar 2014 (119.0 stig) og uppfærist í janúar ár hvert miðað við gildandi byggingavísitölu, grunn 2010.

**Byggingarvísitala:**

| | |
|---|---|
| Janúar 2014 | 119 stig |
| Janúar 2016 | 128.2 stig |
| Breyting á milli ára | 7.73% |

Gjöld fyrir árið 2016 eru þessi:

Gjöld fyrir sumarhúsalóðir skv. 2.gr
Óafturkræft gjald fyrir sumarhúsalóðir skal vera eftirfarandi:

Gjald á fermetra vegna úthlutunar lóðar 129 kr

Grunngjald vegna úthlutunar lóðar verður dregið frá gatnagerðagjaldi þegar kemur að innheimtu þess. Helmingur gatnagerðagjalds er innheimtur við útgáfu byggingarleyfis og eftirstöðvar þess greiðast við útgáfu fokheldisvottorðs eða einu ári frá upphafi framkvæmda.

3.gr.
Greiðsla vegna frístundalóða

Gjalddagi gjalds vegna úthlutunar lóðar skal vera 30 dögum frá því að tilkynnt er um úthlutun og eindagi 14 dögum síðar.

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur